

Miðvikudaginn 21. febrúar 1951.

Kærumálið nr. 1/1951.

**Björgvin Þorsteinsson,
Friðrik Gunnlaugsson,
Guðmundur Jósefsson,
Guðmundur Magnússon,
Guðmundur Salómonsson,
Guðmundur Sveinbjörnsson,
Guðrún Þorsteinsdóttir,
Jón Kjartansson,
Jón Jónsson,
Lúter Hróbjartsson,
Magnús Gunnlaugsson,
Sigríður Jónsdóttir,
Sigurður Benediktsson,
Vilhjálmur Ketilsson og
Þorsteinn Kristinsson**
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar s.l., er hingað barst 5. þ. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 24. janúar s.l., þar sem vísað er frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefjast sóknaraðiljar þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar efnisdóms. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í kærumáli þessu.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Björgvin Þorsteinsson, Friðrik Gunnlaugsson, Guðmundur Jóseppsson, Guðmundur Magnússon, Guðmundur Salómonsson, Guðmundur Sveinbjörnsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Jón Kjartansson, Jón Jónsson, Lúter Hróbjartsson, Magnús Gunnlaugsson, Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Benediktsson, Vilhjálmur Ketilsson og Þorsteinn Kristinsson, greiði in solidum varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað kr. 300.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. jan. 1951.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 10. maí 1950, af Björgvin Þorsteinssyni, Friðrik Gunnlaugssyni, Guðmundi Jóseppssyni, Guðmundi Magnússyni, Guðmundi Salómonssyni, Guðmundi Sveinbjörnssyni, Guðrúnu Þorsteinsdóttur, Jóni Kjartanssyni, Jóni Jónssyni, Lúter Hróbjartssyni, Magnúsi Gunnlaugssyni, Sigríði Jónsdóttur, Sigurði Benediktssyni, Vilhjálmi Ketilssyni og Þorsteini Kristinssyni, eigendum og umráðamönnum jarðanna Kotvogs, Kirkjuvogs, Staðarhóls, Garðhúsa, Hóls-húsa, Hvamms, Klappar og Réttarhúsa í Hafnarhreppi í Gullbringusýslu.

Gera stefnendur þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða þeim óskipt kr. 57.441.15 með 6% ársvöxtum frá 13. júní 1947 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu gegn greiðslu á kr. 3510.00 og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru, sem hér greinir: Er Bandaríkjamenn hófu flugvallagerð við Keflavík á hernámsárunum, þótti af öryggisástæðum nauðsynlegt að takmarka umferð annarra en hermanna um allstórt landsvæði Reykjanesskaga. Af þessu tilefni gaf ríkisstjórnin út auglýsingu, er birtist í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði 19. maí 1942 þess efnis, að um tilgreint svæði á Reykjanesi væri umferð takmörkuð á þá lund, að þeir einir Íslendingar mættu fara þar um, sem hefðu tilhlýðileg vega-bréf. Innan þessa svæðis var svo með öllu bönnuð umferð um staði, þar sem mannvirki voru reist eða hernaðarstörf framkvæmd, og merktir voru

sem slíkir. Innan þess svæðis, sem sætti þannig umferðarhindrunum, virðast hafa lent samtals 2855 ha af landi jarðeigna þeirra, er að framan greinir. Samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá 1941 ákvað ríkisstjórnin að taka eignarnámi landssvæði á Reykjanesskaga. Beiddist Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið í bréfi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 27. apríl 1944, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að meta andvirði landssvæðis þessa, sem samtals var að flatarmáli 9208,4 ha, svo og til að kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landssvæðisins vegna skerðingar á hagnýtingu þess, frá því að Bandaríska setuliðið tók það til afnota. Virðingargærð hinna dómkvöddu manna er dagsett 20. febrúar 1946. Þar er eignarnámsbeiðnin talin ná til 1087 ha af óskiptu landi jarða þeirra, er hér að framan greinir, og nefnt er einu nafni Hafnaland. Af því eru 316 ha taldir á algeru bannsvæði, en beitar-not talin haldast á 771 ha. Bætur fyrir landið vegna eignarnámsins voru metnar kr. 180.660.00, þegar frá landsverðinu höfðu verið dregnar kr. 15.000.00 vegna beitarafnota, sem landeigendur skyldu halda þrátt fyrir eignarnámið. Bætur vegna skerðingar landsnyttja vegna hernámsins voru virtar kr. 20.00 fyrir hvern ha á ári. Hvorki Atvinnumálaráðuneytið né landeigendur vildu hlíta virðingu þessari, og voru því að beiðni ráðuneytisins dómkvaddir þrír yfirvirðingarmenn hinn 17. marz 1946. Virðingargjörð þeirra er dagsett 12. janúar 1948. Í sambandi við yfirvirðinguna krafðist atvinnumálaráðherra einungis eignarnáms á 2018,1 ha lands, en jarðeigendur mótmæltu því, að ráðherra gæti á þessu stigi málsins gengið frá fyrri kröfum sínum um eignarnám. Yfirvirðingarmenn töldu sig ekki bæra að skera úr um þenna ágreining. Völdu þeir því þann kost að kveða upp 2 virðingargærðir, annars vegar um þá 9208.0 ha, sem upphaflega var krafizt eignarnáms á, en hins vegar varðandi þá 2018.1 ha, er ráðherra síðar vildi láta eignarnámið taka til. Auk þessa tók yfirvirðingargærðin eins og undirvirðingargærðin til bóta fyrir skerðingu á hagnýtingu landanna, frá því að setuliðið tók þau til afnota. Er þess getið í yfirvirðingargærðinni, að skaðabætur þessar skuli greiddast, hvort sem eignarnámið verði að lokum látið taka til stærra eða minna landssvæðisins. Í yfirvirðingargærðinni er sá hluti Hafnalanda, sem eignarnámið tekur til, ef miðað er við upphaflega kröfu atvinnumálaráðherra, talinn 1100 ha að flatarmáli. Af því höfðu 327 ha verið á algjöru bannsvæði. Andvirði landsins var ákveðið kr. 100.000.00. Sé miðað við síðari kröfu atvinnumálaráðherra, er hin eignarnumda landspilda talin 102.2 ha og andvirði hennar virt kr. 25.000.00. Skaðabætur vegna afnota setuliðsins meta yfirvirðingarmennirnir kr. 36.000.00. Er í því sambandi tekið fram, að tillit sé tekið til þess, að búrekstur kröfueigenda hafi beðið hnekki af völdum setuliðsins.

Dómkröfur sínar byggja stefnendur á því, að þeim beri bætur úr hendi stefnda fyrir afnotaskerðingu á 1755 ha lands vegna umferðartakmarkana og annarra tálmana á hagnýtingu landsins á styrjaldarárunum. Land þetta er í óskiptri sameign stefnenda og liggur á því svæði, sem ferðir voru takmarkaðar eða bannaðar um samkvæmt framangreindri auglýsingu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar liggur land þetta utan þess svæðis,

sem metið var til eignarnáms samkvæmt framangreindu. Telja stefnendur því, að bótamat það vegna afnotaskerðingar, sem fram fór í sambandi við eignarnámsvirðinguna, taki ekki til þessa landsvæðis. Hins vegar sé hér um að ræða fyllilega sambærilegt land að landkostum og beri því að leggja til grundvallar tjónbótunum sömu fjárhæð, sem gert sé í yfirvirðingunni, en það telja þeir nema kr. 32.75 fyrir hvern ha.

Af hálfu stefnda er greiðsluskylda viðurkennd. Hins vegar telur hann kröfur stefnenda mikils til of háar, að því er fjárhæð varðar, enda er af hans hálfu mótmælt, að hér sé um að ræða sambærilegt land að gæðum við það, sem margnefnd virðingargerð tekur til, m. a. vegna þess, að í virðingargerðinni sé tillit tekið til rýrnunar hlunninda, svo sem æðarvarps og reka, sem verið hafi mjög óverulegt eða ekkert á því landi, sem hér um ræðir, og raunar sé það landsvæði, sem þetta mál fjallar um, aðeins lélegt sumarbeitiland, en naumast til neinna annarra nota. Hefur stefndi talið hæfilegt endurgjald fyrir rýrnun afnota af landinu, kr. 50.00 fyrir hvern km² á ári þann tíma, sem umferðarréttur um það var takmarkaður, og eru dómkröfur hans miðaðar við þetta, en aðiljar eru samála um að telja þetta tímabil nema 4 árum.

Við munnlegan flutning málsins gaf dómari fyrirvarsmönnum aðilja kost á að láta fara fram matsgerð varðandi bætur þær, sem krafist er, áður en dómur gengi í málinu. Lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að þeir óskuðu ekki slíkrar matsgerðar, áður en dómur yrði lagður á málið í héraði.

Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að land það, sem hér um ræðir, sé á nokkurn hátt sambærilegt að gæðum við það land, er fyrrgreindar virðingargerðir taka til. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um samanburð á gæðum eða nytjum landa þessara og engin sérstök virðing á landsvæði því, er málið varðar. Þykir því eigi unnt samkvæmt þeim gögnum, er fyrir liggja, að leggja dóm á þann hluta dómkröfunnar, sem eigi er viðurkenndur. Einungis óverulegur hluti af fjárhæð hennar er viðurkenndur, og þykir því rétt, eins og á stendur, að vísa málinu í heild frá dómi, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregið um venju fram vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.